

Stjórnarfundur no 1, 2014/2015

Ár 2014 þriðjudaginn 11. mars kom ný aðalstjórn félagsins saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 17.00.
Formaður setti fundinn. og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Verkaskipting stjórnar

Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
varaformaður Eiður Stefánsson
gjaldkeri Einar Hjartarson
ritari Anna María Elíasdóttir
meðstjórnandi Sigríður Stefanía Stefánsdóttir

2. Farið yfir ávöxtun peningalegra eigna FVSA

Búið var að kanna ávöxtun hjá helstu bönkum miðað við binditíma.
Samþykkt að kanna þessa hluti betur.

3. Staðfestingarbréf vegna endurskoðunar.

Bréfið lesið upp, samþykkt og undirritað.

4. Önnur mál

Samþykkt að senda öllum félagsmönnum 60 ára og eldri bréf með upplýsingum um lagabreytingar sem kveða á um að félagar sem komnir eru á lífeyrisaldur greiði félagsgjald meðan þeir stunda vinnu. Einnig að kynna þeim breyttar reglur um styrki úr sjúkrasjóði sem taka gildi um næstu áramót og að félagsmenn sem hættir eru að greiða til félagsins eiga rétt á styrkjum úr Starfsmenntasjóði í 3 ár eftir að greiðslum lýkur.
Samþykkt að félagið styrki í næstu 4 ár á eftir (v/fræðslu)

Kynnt var ferð í leikhús til Ólafsfjarðar 22. mars n.k. með ellilífeyrisþega félagsins.

Skrifstofunni falið að endurskoða samning við umsjónarmann orlofsíbúðanna við Mánatún.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir,.
Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.